


Ómur úr suðri

Freyr Sigurjónsson

flautuleikari

Arnaldur Arnarson

gítarleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 2. júlí 2024 kl. 20:30

Ítalska tónskáldið og píanóleikarinn *Mario Castelnuovo-Tedesco* frá Flórens heillaðist af gítarnum eftir að hafa kynnst spænska gítarmeistararanum *Andrés Segovia* árið 1932. Hann samdi aragrúa verka fyrir gítar; einleiksverk, konserta og samleiksverk af ýmsu tagi. *Sónatína ópus 205* fyrir flautu og gítar var skrifuð sumarið 1965 þegar tónskáldið stóð á sjötugu.

Á árunum 1718–1721 samdi *Franz Schubert* 36 örstutta valsa fyrir píanó. Samtímamaður hans *Anton Diabelli*, tónskáld og stórtækur útgefandi, gaf út fimmtán þeirra í útsetningu fyrir flautu og gítar og verða þeir fluttir hér. Schubert og Diabelli voru báðir liðtækir gítarleikarar.

Celso Machado fæddist skammt frá São Paulo í Brasilíu. Hann lærði bæði á klassískan og flamenco gítar og eru þjóðleg brasílísk einkenni afar áberandi í tónsmíðum hans. Hann er fjölhæfur hljóðfæraleikari, einkum á gítar og slagverk. Celso býr nú í British Columbia í Kanada.

Maximo Diego Pujol frá Buenos Aires í Argentínu stundaði nám í gítarleik og tónsmíðum. Hann er afkastamikið tónskáld og leitar oft í gnægtabrunn þjóðlegrar tónlistar Argentínu, ekki síst í tangóinn. Í Buenos Aires svítunni sækir hann innblástur í tilgreinda borgarhluta sinnar miklu heimaborgar.

Efnisskrá

Mario Castelnuovo-Tedesco
1895– 1968

Sónatína ópus 205
Allegretto grazioso
Tempo di Siciliana
Scherzo - Rondo

Franz Schubert
1797– 1828

Original Tänze

Celso Machado
f. 1953

Musiques populaires brésiliennes
Paçoca (choro)
Quebra queixo (choro)
Piazza Vittorio (choro maxixe)

Máximo Diego Pujol
f. 1957

Suite Buenos Aires
Pompeya
Palermo
San Telmo

Að loknu námi við Tónlistarskólann í Reykjavík stundaði **Freyr Sigurjónsson** framhaldsnám við Royal Northern College of Music (RNCM) í Manchester undir leiðsögn m. a. Trevor Wye, William Bennett og Patricia Morris. Að loknu diplomaprófi árið 1982 var hann ráðinn sem fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao á Spáni og starfaði þar óslitið í 40 ár. Freyr hefur leikið með hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu og í Japan, bæði sem einleikari og fyrsti flautuleikari, til dæmis með útvarps-hljómsveitinni í Madrid og kammersveitinni Moskvu Virtuosi. Í október 2020 flutti Freyr, ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Bilbao, flautukonsert Jóns Ásgeirssonar sem tónskáldið hafði samið árið 1999 og tileinkað honum.

Freyr er eftirsóttur kennari og hefur kennt á fjölmörgum námskeiðum á Spáni og einnig við Trinity Laban tónlistarháskólann í Greenwich á Englandi. Sem prófessor við J.C. Arriaga tónlistarháskólann í Bilbao var Freyr falið að setja saman kennsluskrá fyrir nám í þverflautuleik frá grunnnámi til útskriftar á háskólastigi.

Arnaldur Arnarson fæddist í Reykjavík árið 1959 og hóf gítarnám í Svíþjóð tíu ára að aldri. Hann lærði síðan hjá Gunnari H. Jónssyni við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og lauk þaðan námi vorið 1977. Framhaldsnám stundaði hann á Englandi og Spáni og voru helstu kennarar hans Gordon Crosskey, John Williams, George Hadjinikos og José Tomás. Árið 1992 hlaut hann fyrstu verðlaun í XXI alþjóðlegu „Fernando Sor“ gítarkeppninni í Róm og skipaði það, ásamt einleikstónleikum á Listahátíð í Reykjavík sama ár, Arnaldi á bekk með fremstu tónlistarmönnum Íslands.

Arnaldur hefur oft komið fram á Íslandi og haldið tónleika víðar í Evrópu, Ástralíu, Bandaríkjunum og Suður-Ameríku. Síðustu fjóra áratugi hefur hann stundað kennslu og verið aðstoðarskólastjóri við Escola Luthier de Música i Dansa í Barcelona. Hann hefur haldið námskeið í tónlistarflutningi víða um heim og setið í dómnefndum í alþjóðlegum tónlistarkeppnum. Undanfarin ár hefur hann starfað reglulega á Íslandi við kennslu og tónleikahald.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ*

Music from the South

Sigurjón Ólafsson Museum

July 2nd 2024

Freyr Sigurjónsson furthered his studies in Manchester at the Royal Northern College of Music. Among his teachers were Trevor Wye, William Bennet and Patricia Morris. Upon his graduation in 1982 Freyr became the solo flutist of the Bilbao Symphony Orchestra in Spain. He has performed with ensembles and orchestras all over Spain both as a soloist and as a guest principal flute, e.g. with Madrid Radio Orchestra and the Moscow Virtuosi. The Icelandic composer Jón Ásgeirsson wrote a concert for Freyr in 1999 which he performed in 2020 with the Bilbao Symphony Orchestra.

Freyr has held many master-classes in Spain and in England, and as a professor at the J.C. Arriaga Conservatory in Bilbao he was commissioned to create a program for the flute studies from grade one to university level.

Arnaldur Arnarson was born in Reykjavík in 1959. He has studied music in Sweden, Iceland, England and Spain with teachers and professors Gunnar H. Jónsson, Gordon Crosskey, John Williams, George Hadjinikos and José Tomás. After taking the first prize in the XXI „Fernando Sor“ International Guitar Competition in Rome in 1992 he has been considered one of Iceland's foremost instrumentalists.

Arnaldur has performed widely in Europe, Australia, Latin America and the USA. The last four decades he has been the co-principal and guitar teacher at the Luthier School of Music and Dance in Barcelona. He regularly gives master classes and has been a jury member in music competitions around the world. Recently he has been teaching and giving concerts in his home country, Iceland.

Italian composer and pianist *Mario Castelnuovo-Tedesco* from Florence had a great fondness for the guitar, especially after meeting Spanish maestro Andrés Segovia in 1932. He wrote numerous works for the instrument; solo pieces, concerti and chamber works. He composed the *Sonatina op. 205* for flute and guitar in the summer of 1965.

Franz Schubert spent most of his life in Vienna. He wrote these very brief waltzes for the piano, in all thirty-six, whereas his contemporary, composer and editor, Anton Diabelli published a selection of fifteen in an arrangement for flute and guitar. Schubert and Diabelli were both very competent guitarists.

Celso Machado was born near São Paulo, Brazil. He studied both classical and flamenco guitar and Brazilian popular characteristics are very much present in his music. He is a highly skilled guitarist and percussionist. Currently he lives in British Columbia, Canada.

Máximo Diego Pujol from Buenos Aires, Argentina studied guitar and composition. As a prolific composer, he often finds inspiration in the popular music of Argentina, only to mention the Tango. In the *Buenos Aires Suite* for flute and guitar, he evokes the atmosphere of different parts of his mighty home city.

The Museum café is open after the concert